

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um ofanflóðavarnir
við vegi í Önundarfirði og Súgandafirði.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Liggur fyrir framkvæmdaáætlun um auknar ofanflóðavarnir fyrir Flateyrarveg um Hvilftarströnd, nr. 64, þar sem hætta er á snjóflóðum sem geta lokað leiðinni til Flateyrar?
2. Eru áform um að verja vegi í Súgandafirði fyrir ofanflóðum, m.a. í ljósi ofanflóðahættu við botn Súgandafjarðar að gangamunna um veg nr. 65, auk þess sem Spillisvegur er þekktur fyrir snjóflóð og aurskriður sem ógna þeim sem þar eiga leið um dag hvern vegna vinnu og skólagöngu?

Skriflegt svar óskast.